

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1372*  
*komudagur 7.2.2013*



Reykjavík, 7. febrúar 2013

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um happdrætti (Happdrættisstofa og bann við greiðsluþjónustu), 477. mál.

SÁÁ, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, telja að þeir aðilar sem hagnast á sölu fíknivöru eða –þjónustu eigi að standa straum af kostnaði vegna meðferðar og endurhæfingar þeirra sem veikjast vegna notkunar á þessari vöru eða þjónustu. Þetta á jafnt við þá sem hagnast af framleiðslu, dreifingu og sölu áfengis og lyfja og þá sem hafa tekjur af fjárhættuspili. Fólk er misútsett fyrir að þróa með sér áfengis- og vímuefnasýki og spilafíkn. Fólk getur því ekki fyrirfram forðast að þróa með sér þessa sjúkdóma nema með því að neyta aldrei fíkniefna eða nota fíknipjónustu. Meðan framboð fíknivöru og –þjónustu er leyft og viðurkennt í samfélaginu er því eðlilegt að þeir sem hafa hag af framleiðslu og sölu á fíknivöru og –þjónustu fjármagni meðferð og endurhæfingu þeirra sem skaðast af neyslunni. Ekki síst í ljósi þess að rannsóknir benda til að fíknisjúklingar standi undir stórum hluta af veltu fíknimarkaða.

Það er réttlætismál áfengis- og vímusjúklinga, spilafíkla og annarra fíknisjúklinga að þeir sem hagnast á fíkn þeirra séu skattlagðir með einum eða öðrum hætti til að standa straum af bestu mögulegri meðferð og endurhæfingu við fíknisjúkdómum.

Spilafíkn er, eins og aðrir fíknisjúkdómar, alvarlegur sjúkdómur sem skaðar heilsu, lífsgæði og félagslega stöðu þeirra sem veikist og ekki síður aðstandenda sjúklinganna. Þótt ríkið hafi takmarkað leyfi til reksturs fjárhættuspila við mannúðarfélög sem verja hagnaði sínum til ýmissa góðgerðarmála; þá réttlætir góður málstaður ekki þann mikla og víðtæka skaða sem starfsemin veldur fólki sem veikist vegna hennar. Það á því að vera frumskylda þeirra sem nota fjárhættuspil sem fjáröflun að hjálpa þeim sem skaðast vegna starfsseminnar.

SÁÁ hefur boðið upp á meðferð við spilafíkn í meira en tuttugu ár. Þetta hafa samtökin gert án stuðnings hins opinbera. Undanfarin ár hafa Happadrætti Háskóla Íslands og Íslandspil lagt til þessara starfsemi um ¼ af kostnaði við hana. SÁÁ hefur borið ¾ hluta kostnaðarins.

Þegar rætt er um forvarnir vegna spilafíknar er vert að hafa í huga að þær skiptast í þrjá flokka, eins og gagnvart öðrum fíknisjúkdómum. Í fyrsta lagi að veita þeim sem veikjast besta mögulega meðferð og stuðning til bata. Í öðru lagi að auðvelda þeim sem hafa veikst að leita sér hjálpar, draga úr fordómum og öðrum hindrunum. Í þriðja lagi að fyrirbyggja að fleira fólk veikist, en þar dugar best að hækka verð og takmarka aðgengi. Almennur áróður um hófstilla neyslu fíknivara eða –þjónustu hefur lítil áhrif til að draga úr neyslunni eða minnka skaða vegna hennar. Ef markmið laga er að efla forvarnir er mikilvægt að löggjafinn beini þeirri eflingu í markvissar og sannreyndar forvarnir.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SÁÁ, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

Gunnar Smári Egilsson, formaður